

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 2026

2601002SK BG
Málalykill: 60.21

Efni: Breytingar á raforkuklögum (verkefni Raforkueftirlitsins) – S-58/2026

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fagnar því að með frumvarpinu sé leitast við að efla sjálfstæði og eftirlitshlutverk Raforkueftirlitsins, auka gagnsæi og styrkja umgjörð um tekjumörk og gjaldskrár. Samtökin telja mikilvægt að slíkar breytingar stuðli að auknu trausti, bættri yfirsýn og sanngjarnari framkvæmd á raforkumarkaði.

Stjórn samtakanna vill þó árétta mikilvægi þess að breytingarnar leiði ekki til aukinnar óvissu um uppbyggingu og fjárfestingu í dreifi- og flutningskerfum, né heldur til aukins kostnaðar sem að endingu kann að leggjast með þyngri hætti á sveitarfélög, íbúa og atvinnulíf á köldum svæðum. Sérstaklega er mikilvægt að við framkvæmd laganna verði gætt að byggðasjónarmiðum, jafnræði notenda um land allt og skýru samráði við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Stjórn samtakanna lýsir sig reiðubúna til áframhaldandi samráðs um málið.

Virðingarfyllst

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Íris Róbertsdóttir,
Vestmannaeyjum

Björg Ágústsdóttir,
Grundafjarðarbæ

Valdimar O. Hermannsson,

Björn Ingimarsson,
Múlaþingi

Kristinn Jónasson,
Snæfellsbæ

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Vesturbyggð